

Ráðstefna í Þjóðfélagsfræðum við Háskólann á Bifröst

Fjórdá ráðstefnan um íslenska þjóðfélagsfræði verður haldin í Háskólanum á Bifröst 7.-8. maí næstkomandi, en hún hefur áður verið haldin í Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum.

Ráðstefnan verður fjölbreytt að vanda með framlögum félagsfræðinga, mannfræðinga, stjórnmálafræðinga, heimspekinga, lögfræðinga, viðskiptafræðinga, og sagnfræðinga auk fræðimanna á tengdum sviðum. Ráðstefnunni er ætlað að skapa fræðilegan og faglegan umræðuvettvang um þjóðfélagsfræði í víðum skilningi. Þar gefst tækifæri til að kynna rannsóknir og koma þeim á framfæri og taka þátt í umræðum um það sem efst er á baugi héraðs á sviði þjóðfélagsfræða.

Fyrir hönd Bifrarstar er umsjón ráðstefnunnar í höndum:

- Evu Heiðu Önnudóttur, aðjúnkt við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst (evaheida@bifrost.is)
- Jóns Ólafssonar, prófessors og forseta félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst (jonolafs@bifrost.is)

Meðal efnis á ráðstefnunni má nefna:

- | | |
|--------------------------------|------------------------------------|
| - Siðferði í opinberu lífi | Málefni innflytjenda |
| - Íslensk og alþjóðleg menning | Stjórnmál og stjórnkerfi |
| - Menningarfræði | Menningarstjórnun |
| - Lýðræði | Ferðamál |
| - Kynjafræði | Fjölmiðlar og samfélag |
| - Jafnréttismál | Niðurstöður rannsóknarnefndarinnar |
| - Stjórnun | Háskóli og samfélag |

Fyrirlestrar

Þeir sem hafa hug á að taka þátt í ráðstefnunni eru vinsamlega beðnir að skrá sig fyrir 22. mars næstkomandi. Skráningareyðublað er að finna á vef Háskólans á Bifröst: <http://www.bifrost.is/pages/umsoknir/skraning-a-radstefnu/>. Þátttakendur sem óska eftir að flytja fyrirlestur þurfa þá jafnframt að gefa upp titil fyrirlestrar síns ásamt stuttri lýsingu á efni hans. Stefnt er að því að ljúka skipulagningu ráðstefnunnar og skiptingu í málstofur í lok mars. Öll efni sem flokka má undir þjóðfélagsfræði í víðum skilningi koma til greina, og skipt verður í málstofur eftir efnunum fyrirlestra.

Páttökugjöld

Pátttakendur greiða 7000 kr. fyrir páttöku í ráðstefnunni báða daga, 3000 fyrir fyrri daginn en 4000 fyrir seinni daginn. Hádegismatur og kaffi er innifalið í páttökugjaldi. Auk þess er boðið upp á gistingu á Bifröst meðan húsrúm leyfir og sameiginlegan kvöldverð föstudaginn 7. maí. Mörg hótél og gistihús eru starfrækt í nágrenni Bifrastar og því ættu ekki að vera vandræði að finna gistingu jafnvel þótt allt fyllist á Bifröst. Pátttakendur eru þó hvattir til að tryggja sér gistiþláss eins snemma og mögulegt er

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

– Drög að dagskrá –

Föstudagur 7. maí

- 11.30 Skráning
- 12.00 Hádegisverður
- 13.00-14.00 Plenumfyrirlestur 1
- 14.00-17.00 Málstofur
- 17.30 Gönguferð
- 19.00 Kvöldverður

Laugardagur 8. maí

- 9.00-12.00 Málstofur
- 12.00-13.00 Hádegisverður
- 13.00-14.00 Plenumfyrirlestur 2
- 14.00-17.00 Málstofur
- 17.00 Ráðstefnuslit